



## Fundargerð

393. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 12. maí 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 392. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 14. apríl 2016.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 9. maí 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### 2.1. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

*Sveitarstjórn samþykkir að senda deiliskipulagið til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.2. 1502026 – Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal.

*Sveitarstjórn samþykkir að senda deiliskipulagið til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun skv. 41. gr. skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.3. 1605006 – Brekka 139543, umsókn um stofnun lóðar Brekka 1.

*Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar Brekka 1 úr jörðinni Brekka 139543. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.4. 1605007 – Bogaskemma 139744, lóðarblað.

*Sveitarstjórn samþykkir lóðarblað skv. deiliskipulagi Flateyjar vegna Bogaskemmu 139744. Samþykkt samhljóða.*



2.5. 1605015 – Barmahlíð 139722, framkvæmdir á lóð.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjóra falið að sækja fund Hafnasambands Íslands í haust.*

*Lögð var fram til kynningar kostnaðaráætlun við lið 9, stækkun Hellisbrautar 72, sem var til kynningar á fundinum.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

### **3. Mennta- og menningarmálanefnd 6. maí 2016.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. 1605001 – Kennslutímar skólaárið 2016-2017.

*Sveitarstjórn samþykkir úthlutaða kennslutíma til grunnskóladeildar Reykhólaskóla skólaárið 2016-2017, 160 kennslustundir. Samþykkt samhljóða.*

3.2. 1605002 – Skóladagatal Reykhólaskóla 2016-2017.

*Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal leikskóladeildar og grunnskóladeildar Reykhólaskóla skólaárið 2016-2017. Samþykkt samhljóða.*

3.3. 1605003 – Kennsluafsláttur fyrir skólastjóra Reykhólaskóla skólaárið 2016-2017.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að veita skólastjóra Reykhólaskóla undanþágu frá 8 kennslustunda kennsluskyldu skv. kjarasamningi, en sinni allt að 10 tíma forfallakennslu á mánuði án sérstakrar greiðslu. Samþykkt samhljóða.*

3.4. 1605010 – Umsjónarmaður með tölvum og tölvuveri í Reykhólaskóla.

*Sveitarstjórn mælir með því að gerður verði samningur við aðila um tölvuþjónustu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu í samráði við skólastjóra og yfirmenn annarra stofnana. Samþykkt samhljóða.*

3.5. 1602014 – Tónlistarkennari, organisti og kórstjóri.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

### **4. Stjórn Barmahlíðar 9. maí 2016.**

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### **Mál til afgreiðslu**

1. 1604015 – Aðalfundur Báta- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum 8. maí 2016.

*Fundarboð barst eftir fund sveitarstjórnar þann 14. apríl 2016, en þar var ákveðið að*



*Karl Kristjánsson færir með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. Karl mætti á fundinn ásamt sveitarstjóra.*

2. **1605018 – Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf.**  
Erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga dagsett 2. maí 2016.

*Sveitarstjórn tilnefnir sveitarstjóra sem tengilið í verkefnið. Samþykkt samhljóða.*

3. **1509004 – Varmabúskapur á Reykhólum, klasastarf.**  
Verktíloð og áætlun frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða dagsett 13. apríl 2016. Um er að ræða klasasamstarf Reykhólahrepps, Orkubús Vestfjarða, Þörungaverksmiðjunnar og Norður og co. Verkefnisstjórn er í höndum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Verkefnið snýst um að greina stöðu aðila innan hitaveitu á Reykhólum og vinna að farsælum lausnum til framtíðar fyrir núverandi notendur og framtíðarnotendur.

*Sveitarstjórn samþykkir verktíloð og áætlun um að verja 500 þús. kr. í verkefnið árið 2016 og 500 þús. kr. árið 2017. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn. Samþykkt samhljóða.*

4. **1604005 – Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsarsamningsins.**  
Erindi frá Breiðafjarðarnefnd dagsett 1. apríl 2016, frestað á fundi sveitarstjórnar þann 14. apríl 2016.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur að Breiðafjörður eigi vel heima á lista yfir Ramsarsvæði. Sveitarstjórn hefur samt sem áður áhyggjur af því að skráningin geti haft áhrif á langþráðar vegaframkvæmdir á Vestfjarðarvegi 60 í Gufudalssveit sem nú hillir undir, þá helst ef breyta þarf aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna framkvæmdanna. Samþykkt samhljóða.*

5. **1604005 – Til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis**

- 5.1 Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur (EES-reglur, stjórnvaldssektir), 670. mál  
5.2 Tillaga til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna, 449. mál.  
5.3 Frumvarp til laga um útlendinga, 728. mál.  
5.4 Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál.  
5.5 Frumvarp til laga um grunnskóla, 675. mál.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar

1. **1605019 – Fyrirkomulag fyrstu hjálpar á Reykhólum.**  
Svar HVE 11. apríl 2016 við erindi sveitarstjóra og hjúkrunarforstjóra dags. 9. febrúar 2016.

*Lagt fram og kynnt.*

2. **1605020 - Ferðaþjónustudagurinn 2016.**  
Erindi frá Samtökum ferðaþjónustunnar dagsett 11. apríl 2016.

*Lagt fram og kynnt.*

3. **1605017 - Fundargerð aðalfundar BsVest, haldinn 4. maí 2016.**



*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**4. 1603009 – Fundargerð 838. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**1. 1605021 - Flateyjarferð Vinnuskóla Reykhólahrepps.**

Erindi frá umsjónarmanni vinnuskólans dagsett 12. maí 2016, varðandi aukafjárheimild kr. 100 þús.

*Sveitarstjórn hvetur umsjónarmann til þess að fara í ferðina, ekki er útséð með hvort bæta þurfi við fjárheimild vinnuskólans árið 2016, afgreiðslu um aukafjármögnun frestað þar til síðar. Samþykkt samhljóða.*

**2. 1604012 - Þinggerð 61. Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 4. maí 2016.**

Sent frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga auk erindis um aukatillag til sambandsins skv. samþykkt á þinginu um hækkuð stjórnarlaun.

*Fundargerð lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.51.

_____	_____
_____	_____
_____	_____